

## Jafnlaunastefna Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa stuðlar að jafnri stöðu starfsmanna hjá stofnuninni og undirstofnunum hennar og leggur áherslu á að vera vinnustaður þar sem hver starfsmaður er metin á eigin forsendum svo mannaúður stofnunarinnar nýtist til fullnustu.

Stofnunin skuldbindur sig til þess að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðals ÍST 85:2012 þar sem stuðlað er að stöðugum umbótum og tryggt að greidd séu jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

Barnaverndarstofa skuldbindur sig til að:

- Innleiða og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi sem byggir á jafnlaunastaðlinum.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. árlega þar sem borin eru saman störf á grundvelli verðmætis og greina hvort mælist munur á launum eftir kyni. Niðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og rýna kerfið árlega með stjórnendum.
- Setja sér jafnlaunamarkmið út frá niðurstöðum launagreiningar og rýna þau árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna stefnuna fyrir starfsmönnum stofnunarinnar. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef stofnunarinnar.

*Samþykkt af forstjóra í maí 2020*